

Mál 17/2016

Ár 2016, mánudaginn 14. nóvember, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 17/2016

X

Gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

#### I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 19. maí 2016 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíkina A við rakkann B þar sem reglum um hvíldartíma tíkar í hennar eigu var ekki fylgt. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dags. 7. júní 2016 og gefinn frestur til andmæla til 5. júlí. Kærða svaraði ekki innan tilskilins frests og var henni sent ítrekunarbréf dags 19. október 2016 þar sem gefinn var viðbótarfrestur til 26. október, sem kærða sinnti ekki heldur. Taldi siðanefnd þar með að útséð væri um að kærða myndi nýta sér andmælarétt sinn eða halda uppi vörnum í málinu og var því ákveðið að taka málið til úrskurðar, byggt á fyrirliggjandi gögnum frá skrifstofu HRFÍ.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Við skráningu á hvolpum fæddum 16. nóvember 2015 kom fram að tíkin A hafði ekki fengið nægilega hvíld milli gota þegar hún var pörud við rakkann B. Hundarnir eru af kyninu Íslenskur fjárhundur og er tíkin í eigu kærðu. Tíkin gaut þrisvar sinnum í röð án þess að hvíldartími væri virtur. Fyrst 14. maí 2014 og í annað skiptið 30. janúar 2015 nýu og hálfum mánuði seinna og í þriðja sinn 15. janúar 2016 sem var ellefu og hálfum mánuði seinna. Kærandi telur að um sé að ræða brot á grein 3.4 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn. Kærða nýtti sér ekki andmælarétt sinn né á nokkurn hátt reyndi að halda uppi vörnum í málinu.

#### III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn skal ræktandi hafa í heiðri góða hundaræktarsíði í ræktunarstarfi sínu. Samkvæmt grein 3.4 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn ber ræktanda að:

„Láta ekki tók eiga fleiri en fimm got. Ef tók eignast tvö got innan 12 mánaða tímabils þarf að hvíla tíkina í a.m.k. 12 mánuði fyrir næsta got.“

Ljóst er að þegar tíkin gaut í þriðja sinn þá höfðu ekki liðið 12 mánuðir frá síðasta goti, aðeins 11 og hálfur en þar á umdan höfðu aðeins liðið 9 og hálfur mánuður milli gota. Samkvæmt ofangreindu ákvæði hefði tíkin átt að fá a.m.k. 12 mánaða hvíld áður en hún gaut þriðja sinni.

Það er því óumdeilt að kærða hefur gerst brotleg við grein 3.4 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Reglan er sett með dýravernd að markmiði og ætti öllum hundaræktendum að vera það bæði ljúft og skilt að halda slíka reglu.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins. Því telur siðanefnd hæfilega refsingu vera áminningu.

### III. Niðurstaða.

Kærða Y telst hafa gerst brotleg við grein 3.4. í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h. siðanefndar

---

Guðrún Margrét Baldursdóttir

---

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

---

Kristín Sveinbjarnardóttir